

Mál nr. 225/2014**M og
V-1 v. bifreiðar A og
V-2 vegna bifreiðar B.****Árekstur við gatnamót Breiðholtsbrautar og Stekkjarbakka****Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V-1 frá 1. september 2014.
3. Tölvupóstur V-2 frá 18. júlí 2014.

Málsatvik.

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Bifreið B varð bensínlaus rétt eftir að hafa farið yfir gatnamótin við Breiðholtsbraut og Stekkjarbakka. Áður en ökumaður bifreiðarinnar gat sett upp þríhyrning til viðvörunar ók bifreið A aftan á bifreið B, sem þó var með viðvörunarljósinn á. Var bifreið A þriðja bifreið í röðinni á neðri umferðarljósunum en hinar tvær náðu að svegja undan þegar þær sáu að bifreið B var kyrrstæð.

Álit.

Ökumaður bifreiðar A sýndi af sér gáleysi þegar hann ók aftan á bifreið B. Virðist sem ökumaður A hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Ökumaður bifreiðar B sýndi einnig af sér gáleysi með því að gæta þess ekki að bifreiðin væri með nægilega mikið bensín til að komast á fyrirhugaðan áfangastað, sbr. grunnreglu 1. másl. 1. mgr. 4. gr. og 59. gr. umferðarlaga. Verða ökumennirnir því að skipta sökinni sín á milli.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík, 16. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.